

Gammafundur 27. mars 2007
Haldinn á kennarastofu Ármúlaskóla.

Þær Elín Vilhelmsdóttir kennslustjóri lesblindumála og Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir kennari, báðar umsjónarmenn stuðningsáfangna tóku á móti okkur á kennarastofunni. Einnig var á staðnumnemandi í skólanum sem er lesblind. Á kennarastofunni var búið að leggja á borð fyrir okkar. Veitingarnar voru ekki af verri endunum, fallega skreyttar snittur með meiru.

Ingibjörg setti fundinn.

Í byrjun tók Elín Vilhelmsdóttir til máls og sagði frá aðdragandanum að því starfi sem hún er í í dag og þeirri vinnu og stuðningi við lesblinda nemendur sem er fyrir hendi í dag í Ármúlaskóla. Sú starfsemi sem þarna fer fram í dag mótaðist af mikilli þörf, framsýni stjórnenda og mikilli eljuemi, og hugsjón Elínar og Sveinbjargar sem hafa unnið að þessu máli frá upphafi með stuðningi annarra kennara í skólanum.

Ekki verður reynt að gera öllu því skil sem kom fram í máli þeirra stallsystra því það var yfirgripsmikið og margþætt, heldur stýðst fundarritari við minni sitt og upplifun. Erindin og umfjöllunarefnið voru svo áhrifarík að fundarritari var bergnuminn og skrifaði lítið niður. Fundarmenn fengu afhent 15 blaðsíðna hefti um starfið í Ármúlaskóla með lesblindum og um einkenni lesblindu og þeirra erfiðleika sem mæta því fólki sem hefur þessa erfiðleika/hömlun að glíma við. Ef einhver sem ekki var á fundinum vill fá þessa pappíra er hægt að ljósrita þá. Í Ármúlaskóla er nú sérstakur áfangi Nám 193 stoðkennsla.

Aðaláherslan í áfanganum er á sjálfstyrkingu nemenda, samræðu við jafningja, að hjálpa nemendum að horfast í augu við eigin lesblindu, þekkja einkennin, takast á við kvíða og streitu, þekkja rétt sinn, skoða námsstíl, hugkort, nýtingu tölvunnar, lestur skilningur og ritun.

Eins og sést á þessari upptalningu eru verkefnið ærin.

Eftir að hlusta á þær stöllur Elínu og Sveinbjörgu ognemanda þá stendur eftir í mínum huga að engir tveir eru eins lesblindir, hver og einn þarf að finna sínar eigin leiðir en getur lært af reynslu annarra, ýmiss konar hjálpartæki koma að mikilum notum en þó mjög misjafnlega fyrir hvern og einn, nálgast verður viðfangsefnið með sérlega opnum huga og vissunni um að einhver leið sé fær. Lesblindir nemendur hafa mikla möguleika til að stunda nám í framhaldsskólum ef þeir mæta skilningi á erfiðleikum sínum og síðast en ekki síst ef í hverjum skóla er starfsfólk til að styðja við og hjálpa nemendum til sjálfsbjargar. Allt þetta virðist vera til staðar í Ármúlaskóla þó að alltaf megi gera betur og stöðugt sé framför í ýmiss konar hjálparleiðum sem þarf að fylgjast vel með.

Frábært var að hlusta á þær Elínu, Sveinbjörgu og segja frá fjölþættri reynslu sinni og það gefur manni einnig þessa góðu tilfinningu og gleði yfir hvað er verið að vinna gott starf í skólum landsins og er þá oft ekki verið að telja mínútur eins og kennarar eru oft ásakaðir um. Hér er um hugsjónastarf að ræða sem mikið er hægt að læra af. Eftir erindin voru fyrirspurnir og umræður um málefnið. En að lokum varð að stoppa umræður og snúa sér að hefðbundnum fundarstörfum.

Tekið var nafnakall.

Mættir voru: Anh-dao, Árný, Björg, Bryndís, Eygló, Hertha, Hrefna, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, Margrét, Kristrún, Margrét, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Rannveig Sig., Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri, Stefanía og Vilborg.

Lesin var fundargerð síðasta fundar og síðan setið og spjallað um það áhugaverða málefni sem við höfðum verið fræddar um á svo áhugaverðan hátt.

Árný afhenti gestgjöfum rauðar rósir og þakkaði fyrir góðar móttökur og áhugaverða fræðslu.

Þá var kominn tími til að slíta fundi og halda heim eftir mjög áhugaverðan fund.

Gert 19. Apríl Björg Eiríksdóttir